

**Landbótasjóður Fljótsdalshrepps**  
**Ársskýrsla stjórnar 2012**

## Skýrsla stjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Lárus Heiðarsson Formaður, Droplaugarstöðum  
Sigmar Ingvason Ritari, Valþjófsstað 1  
Eiríkur Kjerúlf Gjaldkeri, Arnheiðarstöðum

Stjórn sjóðsins fundaði 2 sinnum á árinu. Alls bárust 14 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru 12 af þeim samþykktar. Tveimur var hafnað því þær samræmdust ekki úthlutunarreglum sjóðsins. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 6.300.000 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 10,7 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn styrkur verði hærri en 600.000 krónur. Allar umsóknir sem námu hærri fjárhæð en það skertust við þá upphæð. Fyrir umsóknir sem námu hærri fjárhæð en 250.000 kr (en náðu ekki 600.000 kr.) skerðist styrkur þannig að 50% eru dregin af þeim hluta upphæðarinnar sem er umfram þá tölu. Tekið er fram að þessi úthlutunarregla gildir aðeins fyrir þetta ár, en haga verður úthlutun hverju sinni eftir því fjármagni sem er til ráðstöfunar og þeim umsóknum sem berast.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2012 varð 6.042.559 kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	5.623.753
Laun og launatengd gjöld	87.901
Reikningsleg aðstoð	314.640
<u>Auglýsingar</u>	<u>16.265</u>
<b>SAMTALS</b>	<b>6.042.559 kr.</b>

## Framkvæmdir 2012

### Eftirfarandi 12 verkefni voru samþykkt:

-Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, hefta sandfok og styrking staðargróðurs. Svæðin voru Gilsáreyri og Vallholtsháls.

-Hrafnkelsstaðir. Sáning, fræ og áburður á Vallholtsháls og Lækjardal. Markmið, styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.

-Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan þjóðveggar. Aðalega þó upp af bænum. Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.

- Melar. Svæðið er fyrir ofan bæ. Áburðardreifing til styrkingar staðargróðurs.
- Sturluflöt. Styrking gróðurs og uppgræðsla á Flatarheiði með áburðargjöf.
- Brekkgugerði. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Baulutanga sem er niður við fljót, Bæjarhjalla sem er beitarhólf ofan við bæinn og þriðja svæðið heitir Fláar og er ofan við girðingar í Brekkugerðisfjalli.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með 2011.
- Droplaugarstaðir. Dreifing úr gömlum heyrúllum í rofabörð og uppblásna mela ásamt sáningu grasfræs og áburðargjöf.
- Glúmsstaðir 1. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf ásamt sáningu á belgjurtum og öðrum landgræðslutegundum. Svæðið er úthagi.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf ásamt sáningu.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyarland. Styrking staðargróðurs og uppgræðsla mela og ógróins lands.

### **Framkvæmdir voru á eftirfarandi 10 jörðum:**

- Vallholt og Hrafnkelsstaðir 9 tonn af áburði og 25 kg af grasfræi borin á 110 ha.
- Arnheiðarstaðir 6 tonn af áburði borin á 26 ha.
- Melar. 9 tonn af áburði borin á 20 ha.
- Brekkgugerði. 6 tonn af áburði borin á 39 ha.
- Víðivellir Fremri. 5,5 tonn af áburði og 25 kg. af grsfræi borin á 50 ha.
- Droplaugarstaðir Dreift úr gömlum heyrúllum, sáð 14 kg. af grasfræi og 125 kg. af áburði á 3,8 ha.

- Glúmsstaðir 3,6 tonn af áburði borin á 4 ha.
- Valþjófsstaður 4 tonn af áburði borin á 18 ha.
- Bessastaðagerði 7,2 tonn af áburði borin á 40 ha.
- Sturluflöt 36 tonn af áburði borin á 70 ha. Tínsla á lúpínufræi til sáningar.
- Eyrarland 8 tonn af áburði borin á 17 ha.

Samtals var dreift rúmlega 94,5 tonnum af áburði og 44,5 kg af grasfræi á 400 ha. lands. Öll svæðin eru undir 300 m.h.y.s..

Hér að neðan eru nokkrar myndir af þeim árangri sem náðst hefur, en formaður hefur annast eftirlit með framkvæmdum.



Sturluflöt. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf. Mynd tekin 2011.



Víðivellir Fremri uppgræðsla með heyafgöngum á áreyrum. Mynd tekin 2011.



Hrafnkelsstaðir og Vallholt. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf. Mynd tekin 2011.



Arnheiðarstaðir. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf. Mynd tekin 2011.



Droplaugarstaðir. Uppgræðsla með heyafgöngum á uppblásnum melum. Mynd tekin 2011.



Brekkugerði Styrking staðargróðurs með áburðargjöf. Mynd tekin 2012.

# Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótshrepps 2011

